

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til stofnunar kattaheimilis í Reykjavík, sem stofnsett verður og starfrækt af Kattavinafélagi Íslands, og styðja rekstur þess ef með þarf. Ekki er heimilt að verja fé úr sjóðnum til annars, fyrr en rekstur þess heimilis er að fullu tryggður. Þá fyrst og fyrr ekki er heimilt að verja úr sjóðnum fé til stofnunar á kattaheimili annars staðar og stuðnings á rekstri þess, uns hann er að fullu tryggður, og svo áfram, ef Kattavinafélagi Íslands þykir við þurfa.

Eingöngu má verja fé sjóðsins til kattaheimilis, sem stofnsett er og rekið af Kattavinafélagi Íslands og aldrei nema til eins í einu, samkvæmt framansögðu.

4. gr.

Stjórn Kattavinafélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og má ekki útaf breyta. Endurskoðandi skal vera löggildur.

Verði Kattavinafélag Íslands lagt niður, eða sjóðurinn hætti störfum af öðrum ástæðum, skal fela Menntamálaráðuneytinu varðveislu sjóðsins og eigna hans, þar til svipuð starfsemi rís upp að dómi ráðuneytisins og gangi þá eignirnar til þeirrar starfsemi.

Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins og aldrei má breyta ákvæðum þessarar greinar um ráðstöfun á eignum Nórusjóðs, ef hann hættir störfum.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, tekjur af kortasölu og öðru því, sem félagar og aðrir velunnarar kunna að gera til fjáröflunar, auk vaxta. Heimilt er að verja öllum tekjum sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari, en engu á annan hátt. Stofnfé má ekki hreyfa.

Reikningsár telst almanaksár.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

20. janúar 1978.

Nr. 120.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. janúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna frú Guðrúnar Guðfinnu Þorláksdóttur Schram og Gísla Björnssonar, sem bæði voru búsett á Hverfisgötu 86, Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um ofangreind hjón í samræmi við arfleðsluskrá Gísla Björnssonar heitins, en hann lést 1. febrúar 1977.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 45% — fjórtíu og fimm hundraðshlutar — af nettó eign dánarbús Gísla heitins eða kr. 2 573 580.00.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla Heilsugæslustöðina á Breiðdalsvík á margvíslegan hátt, svo sem með kaupum á lækningatækjum í samráði við lækni stöðvarinnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir 3 aðilar: starfandi prestur á Heydölum, hreppstjóri Breiðdalshrepps og sýslumaður Suður-Múlasýslu og skal hann vera formaður sjóðsins.

6. gr.

Úr sjóðnum má árlega ráðstafa allt að fjórum fimmtu hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Telji sjóðstjórnin ekki ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársteknanna sem ráðstafa má árlega, getur hún annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til ráðstöfunar síðar, en þó eigi lengur en þrjú ár.

7. gr.

Allt innborgað fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Samvinnubanka Íslands hf. á Stöðvarfirði og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

8. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Hreppsnefnd Breiðdalshrepps kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Múlasýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd og sýslunefnd, og skal kosning þeirra gilda jafn lengi og viðkomandi hrepps- og sýslunefnd situr. Reikninga sjóðsins skal senda árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. janúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“, (skammstafað U. F. M. H.) gerum hér með kunnugt: Að ofangreind samtök, sem stofnuð voru 6. júní árið 1976 eru

s j á f s e i g n a r s a m t ö k

og eru allar núverandi eigur samtaka þessara, sem er margvíslegt lausafé að verðmæti kr. 2.5 millj., eign samtakanna og á sama við um þær eignir, sem samtökin U. F. M. H. kunna að eignast síðar.